

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2015 í máli nr. S-546/2014:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 16. janúar 2015, er höfðað með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 30. maí 2014, á hendur X, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, fyrir nauðgun, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 11. september 2011, á heimili ákærða að [...], Reykjavík, haft samræði og endaparmsmök við Y, en ákærði notfærði sér það að Y gat ekki spornað við kynferðismökunum sökum ölvunar og svefndrunga, og beitti hana einnig ofbeldi, með því meðal annars að ýta höfði hennar niður er hún reyndi að komast undan ákærða. Af þessu hlaut Y 1 cm sprungu í meyarhafti sem blæddi úr, 0,5 cm sprungu við endaparmsop, bitfar á hægri upphandlegg og mar- og hrufáverka á útlimi, bak og bringu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Y er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er aðallega krafist frávísunar bótakröfu, til vara sýknu, en til þrautavara að bætur verði stórlega lækkaðar. Loks krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Miðvikudaginn 16. janúar 2013 mætti brotþoli í máli þessu, Y, hjá lögreglu til að leggja fram kæru á hendur ákærða, X, fyrir kynferðisbrot. Brotþoli kvaðst hafa farið út að skemmta sér með vinkonu sinni laugardagskvöldið 10. september 2011. Þær hefðu hitt fólk sem þær þekktu úr [...] á veitingastaðnum Prikinu og hefði ákærði verið í hópnum. Hún kvaðst hafa farið að spjalla við ákærða, en fundist hann skrýtinn, hann hefði verið þegjandalegur og horft í kringum sig. Brotþoli kvaðst hafa farið frá í skamma stund og skilið drykkinn sinn eftir, en ekki vera viss um hvort henni hefði verið byrjað einhverri ólyfjan. Hún kvaðst næst muna eftir sér í íbúð ákærða, en ekki vita hvernig hún komst þangað. Hún myndi eftir því að ákærði hefði verið ofan á henni og hefði hún reynt að rísa upp, en hann hefði ýtt höfði hennar niður. Þetta hefði verið vont og sársaukafullt og hefði hún hefði verið klístruð í andlitinu. Hún kvaðst ekki hafa gefið honum leyfi til þess að gera þetta. Ákærði hefði verið „rosalega röff“ og haldið henni niðri. Hún hefði vaknað stundum upp og hefði hann þá enn verið að. Síðast þegar hún vaknaði upp hefði hún verið í kjólnum sem þá hefði verið tekinn niður fyrir brjóst, hún hefði aðeins verið í öðrum skónum, sokkabuxurnar hennar hefðu verið rifnar og nærbuxurnar alblóðugar. Ákærði hefði þá sagt við hana að hún mætti fara núna og hefði hún hlaupið út. Hún hefði setið nokkurn tíma úti á götu, en síðan hringt á leigubifreið og farið heim. Brotþoli lýsti nánar því sem hefði verið að gerast þegar hún rankaði við sér og sagðist hafa verið mjög þurr, þetta hefði verið sárt og hún hefði reynt að koma sér í burtu. Hún hefði beðið ákærða um að hætta og spurt hann af hverju hann væri að þessu. Hún hefði verið öll klístruð í andliti og taldi sig hafa verið grátandi. Hún kvaðst hafa verið með bitfar næsta dag og mar eftir fingur, en ákærði hefði haldið fast í hana. Hún kvaðst minnst þess að ákærði hefði verið að kyssa eða narta í brjóst hennar. Hún kvaðst hins vegar ekki minnst þess að hann hefði sett lim eða fingur í endarmarm hennar. Hún kvaðst hafa drukkið þrjú til fimm bjóra og tvö til þrjú skot um kvöldið og hefði hún fundið til mikilla ölvunaráhrifa. Brotþoli kvaðst hafa hringt í vinkonu sína daginn eftir og sagt henni hvað hefði gerst. Hefði móðir vinkonunnar sagt henni að leita á Neyðarmóttöku, sem hún hefði í kjölfarið gert. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu að nýju 20. febrúar 2013 og var þá framburður ákærða borinn undir hana.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu 11. febrúar 2013. Hann kvaðst hafa hitt brotþola og tvær vinkonur hennar á reykingasvæði við Prikið þetta kvöld. Hefði brotþoli gengið með honum heim. Þegar þangað kom hefði hún farið á salerni, en síðan „algjörlega rotast“ og hefði hann ekki getað vakið hana. Hann hefði sofnað sjálfur og vaknað þegar hún var að yfirgefa íbúðina morguninn eftir. Ákærði kvað ekkert kynferðislegt hafa átt sér stað á milli þeirra brotþola.

Meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla Neyðarmóttöku frá 12. september 2011 um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola. Í skýrslunni er frásögn brotþola skráð og kemur þar m.a. fram að hún hafi leitað á Neyðarmóttöku kvöldið áður og rætt við hjúkrunarfræðing, en hætt við að fara í læknisskoðun. Ástandi brotþola er lýst svo að hún hafi verið leið, en verið róleg, yfirveguð og samvinnuþýð. Hún hafi beygt lítilliga af er hún ræddi um atburðinn og hugsanir eftir á. Í skýrslunni kemur fram að brotþoli telji að árárarmaðurinn hafi farið í leggöng og endarmarm. Við skoðun hafi hún verið með tvo nýlega marbletti á hægri framhandlegg, 4 x 3 og 2 x 2 cm, sem gætu verið eftir fingur. Þá hafi verið marblettir aftan á vinstri upphandlegg, vinstri öxl og innan á vinstri kálfa. Innanvert ofan við hægra hné og neðan við vinstra hné hafi verið sinn hvor marbletturinn, ½ til 1 cm, sem gætu verið

eftir fingur, auk þess sem ferskt hrúfl hafi verið ofan við hægra hné. Innan á hægri upphandlegg hafi verið marblettir, um 5 cm, sem hafi líkst tannfari. Á baki og vinstra megin á bringu hafi verið rispur, sem gætu verið eftir að brjóstahaldari hafi verið dreginn niður og hringfar ofan við brjóst, sem gæti verið eftir sog. Eins cm sprunga hafi verið í meyarhafti, klukkan 18, sem blætt hafi úr við skoðun og hafi svæðið verið aamt við snertingu. Þá hafi verið u.þ.b. 0,5 cm sprunga, klukkan 18, við endaparmsop. Í skýrslunni kemur fram að sýni hafi verið tekin úr leggöngum, en blóð- og þvagsýni hafi ekki verið tekin. Tekið er fram að ekki hafi verið unnt að leita að sæðisfrumum eða rannsaka hvort brotaþola hefði verið byrjað ólyfjan, vegna þess tíma sem liðinn væri frá atvikinu. Þá kemur fram að brotaþoli hafi ekki haft fót meðferðis, sem hún hefði klæðst í umrætt sinn, en hún hafi verið beðin um að geyma nærföt og sokkabuxur. Meðal gagna málsins eru ljósmyndir af brotaþola teknar á Neyðarmóttöku, sem sýna áverka hennar.

Í þinghaldi 20. júní 2014 óskaði verjandi ákærða eftir því að dómkvaddur yrði matsmaður til að yfirfara og meta gögn Neyðarmóttöku, einkum kafla í skýrslunni um „Áverka og önnur verksummerki“ og „Grindarbotnsskoðun/Kvenskoðun“, auk ljósmynda sem fylgdu skýrslunni. Var þess sérstaklega óskað að eftirfarandi yrði metið:

1. Aldur áverka, þ.e. á marblettum, rispum og meintu tannfari, sem ljósmyndir liggja fyrir af og hvernig þeir geti verið til komnir. Í því sambandi var óskað eftir að sérstaklega yrði metið hvort umræddir áverkar gætu hafa orðið til við hefðbundin kynmök með samþykki beggja og einnig hvort umræddir áverkar væru í samræmi við framburð brotaþola um að hafa verið sofandi þegar kynmök hafi farið fram.
2. Hvort líklegt væri að blæði úr sprungu í meyarhafti einum og hálfum sólarhring eftir að sprungan hafi myndast.
3. Hvort 1 cm sprunga í meyarhafti bendi til þess að brotaþoli hafi haft samfarir um leggöng.
4. Hvort hægt væri að segja til um hvort meintur brotaþoli hefði áður haft samfarir, miðað við það sem fram kemur í gögnum Neyðarmóttöku um 1 cm sprungu í meyarhafti.
5. Hvort 0,5 cm sprunga á endaparmi gæti verið til komin af öðrum orsökum en að kynmök um endaparm hafi átt sér stað.

Dómari kvaddi Kristínu Jónsdóttur kvensjúkdómalækni til að framkvæma umbeðið mat og liggur fyrir matsgerð hennar, dagsett 15. janúar 2015. Í matsgerðinni er framangreindum spurningum svarað með eftirfarandi hætti:

„1. Áverkar eru sýnilegir á brotaþola víðs vegar um líkamann. Ekki er um alvarlega eða hættulega áverka að ræða. Mar á handleggjum s.s. upphandlegg getur bent til þess að brotaþola hafi verið haldið niðri. Marblettir á framhandlegg utanverðum og rispur á handarbaki geta einnig bent til þess að brotaþoli hafi verið að reyna að verja sig, ber handlegg fyrir sig, reynir að ýta frá. Marblettir á innanverðum fótleggjum geta verið orsakaðir af því að fótleggjum hafi verið ýtt í sundur eða að brotaþoli hafi reynt að leggja fótleggi saman til að verja sig. Rispur á baki og bringu geta verið vegna þess að eitthvað hvasst svo sem spöng eða krækja á brjóstahaldara hafi rifið eða jafnvel nögl, en þetta gæti líka komið við það að klæða sig úr og reka óvart um leið skarpa hluti fatnaðar í sig. Hringlaga áverki á bringu gæti mögulega verið lítið sogmerki en einnig merki eftir þrýsting af einhverjum

hringlaga hlut s.s. hálsmeni. Sumir áverkanna eru því á stöðum eða með merki þess að mögulega hafi verið beitt valdi en erfitt er að segja það með vissu. Mismunandi litur er á marblettum og getur það verið merki um að marblettir séu misgamlir eða að um mismikinn þrýsting hafi verið að ræða þegar áverkinn myndaðist og er það háð því hvort blæðingin sem marblettinum valdi sé vegna rofs á yfirborðsæðum eða æðum sem liggja dýpra í vefnum og komi því seinna fram á yfirborði húðar og því litarmunur þ.a. allir marblettirnir gætu hafa orðið til á sama/svípuðum tímapunkti. Því er ekki hægt að segja til um nákvæman aldur marbletta [...].

Hvort þessir áverkar sem nefndir eru hér að framan hafi getað komið við hefðbundin kynmök með samþykki beggja er ómögulegt að meta þar sem kynhegðun fólks er mjög misjöfn.

Hvort að áverkarnir geti verið tilkomnir vegna kynmaka sem hafi verið höfð á meðan meintur brotþoli var sofandi er einnig erfitt að segja til um en í framburði meinst brotþola kemur fram að hún hafi verið með einhverri meðvitund inn á milli og reynt að verja sig og geta áverkar t.d. á framhandleg og innanverðum fótleggjum mögulega samræmst því.

2. Blætt getur úr sprungu í meyjarhafti á sólarhringum eftir að áverki á sér stað. Þeim mun dýpri sem áverkinn er því lengur er hann að gróa og getur því auðveldar rifnað upp t.d. við skoðun. Meyjarhaft er mjög blóðríkur vefur og blæðir gjarnan þaðan ef áverki verður.

3. Sprunga í meyjarhafti er án efa merki um að einhvers konar samræði hafi átt sér stað þar sem áverki á þessu svæði kemur ekki nema að einhverju sé stungið upp í leggöng, s.s. lim, fingrum eða aðskotahlut. Rannsóknir sýna að allt að helmingur kvenna sem verða fyrir nauðgun eru með rifur á meyjarhafti eða í leggöngum. [...] Sérstaklega er algengt að sjá þetta hjá stúlkum/konum sem eru hreinar meyjar og/eða hafa ekki fætt barn um leggöng. Þessar rifur verða oftast vegna ónógs raka á svæðinu þegar kynmök eiga sér stað. Orsök ónógs raka er oft vegna lítills/einskis undirbúnings fyrir kynmök, þ.e. forleiks, og því mun algengara að sjá hjá þeim sem þvingaðar eru til samræðis en hjá þeim sem eru hliðhollar því. Áverkar af þessu tagi sjást best ef að einstaklingur sem verður fyrir nauðgun kemur til skoðunar innan 72ja klst. frá því að nauðgunin átti sér stað, en rannsóknir sýna að eftir þann tíma getur verið erfitt að greina áverkana með berum augum.

4. Hvort að meintur brotþoli hafi áður haft samfarir er ekki hægt að segja með vissu, þó er mun algengara að sjá áverka á leggöngum/meyjarhafti hjá konum sem ekki hafa haft samfarir áður en þeim sem stunda kynlíf reglulega og/eða hafa fætt barn um leggöng. Sérstaklega er áverki á meyjarhafti algengur hjá þeim sem ekki hafa haft samfarir áður. [...]

5. Áverki við endaparm getur verið orsakaður vegna samfara um endaparm eða að fingrum eða aðskotahlut hafi verið stungið þar upp en einnig geta verið aðrar orsakir fyrir rifu á þessum stað s.s. við harðar hægðir sem geta rifið upp slímhúð í endaparmi. Til að hægt sé að sanna samfarir um endaparm þarf að hafa sýni þar sem sjást sæðisfrumur og til að hægt sé að taka slíkt sýni þarf meintur brotþoli að koma til skoðunar innan við 24. klst. eftir að brotið á sér stað. Ef meintur brotþoli er búin að hafa hægðir eftir brotið (sem kemur fram í skýrlsu Neyðarmóttöku að meintur brotþoli hafi haft) þá er mjög sjaldgæft að finnast sæðisfrumur í

endaþarmi.“

Í matsgerðinni kemur m.a. fram að matsmaður hafi látið grennslast fyrir um það á Neyðarmóttöku hvað orðið hafi um sýni, sem tekin voru frá leggöngum brotaþola, en fengið þau svör að slík sýni væru eingöngu geymd í þrjá til sex mánuði frá skoðun.

Niðurstaða matsgerðarinnar er sú að staðfest sé með gögnum Neyðarmóttöku að einhvers konar kynmök hafi átt sér stað um leggöng innan 72 klukkustunda áður en brotaþoli kom til skoðunar á Neyðarmóttöku. Sú niðurstaða sé byggð á sári í meyljarhafti, sem blætt hafi frá við skoðun. Ekki verði sýnt fram á hvort um var að ræða fullar samfarir með lim í leggöngum og sáðláti, þar sem sýnum sem tekin voru við skoðun hafi verið fargað samkvæmt reglum Neyðarmóttöku um að þau verði ekki geymd lengur en í þrjá til sex mánuði. Einnig sé mögulegt að annaðhvort fingri/fingrum eða aðskotahlut hafi verið stungið upp í leggöng og áverki orðið þess vegna. Aðrir áverkar á líkama brotaþola, s.s. mar, rispur og sár við endaparm, geti hafa orðið til við kynmök án samþykkis brotaþola, en ekki sé hægt að sanna það út frá útliti eða staðsetningu áverkanna.

Í málinu liggja fyrir útprentuð facebook-samskipti brotaþola og A frá 11. og 12. september, sem Aafhenti lögreglu. Í samskiptunum, sem hefjast klukkan 14:51 11. september, kemur fram hjá brotaþola að hún sé hrædd um að einhverju hafi verið smyglað í drykkinn hennar kvöldið áður. Hún hafi farið heim með einhverjum gaur, X, og dáíð þar. Síðan segir: „hann reið mér mér var fokking nauðgað“ og lýsir því nánar, m.a.: „hann ýtti hausnum mínum niður“ og „reið mér í rassinn líka“, „mér er illt alls staðar“. Þá kemur fram að A hvetur brotaþola til að leita til læknis og hringja í lögreglu, en hún færir undan og kemur ítrekað fram hjá henni að hún sé ekki viss hvort þetta teljist nauðgun.

Þá liggur fyrir skýrsla Brynjars Emilssonar sálfræðings, dagsett 27. mars 2013, um viðtöl við ákærða vegna rannsóknar málsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Jafnframt liggur fyrir vottorð Magnúsar Blöndahl Sigfússonar sálfræðings, dagsett 15. janúar 2015, um meðferðarviðtöl við ákærða.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði kvaðst hafa verið á skemmtistaðnum Prikínu kvöldið sem um ræðir ásamt tveimur vinum sínum, B og C, og hefði hann hitt brotaþola úti í reykingaporti. Þau hefðu ákveðið að fara heim til hans og kvaðst ákærði hafa átt frumkvæði að því. Hefðu þau áreiðanlega ætlað að „gera eitthvað saman“, „sofa saman“. Þau hefðu gengið að heimili hans á [...], með viðkomu í verslun í Austurstræti, þar sem þau hefðu keypt sigarettur. Þegar heim til ákærða kom hefðu þau kysst aðeins inni í herbergi hans, en síðan hefði brotaþoli farið á salernið. Þegar hún kom aftur þaðan hefði hún varpað sér á rúmið og legið þar „alveg out“, þ.e. hún hefði bara sofnað. Hann hefði hrist hana og reynt þannig að vekja hana, en án árangurs. Hún hefði verið fullklædd þegar þetta var. Ákærði kvaðst hafa farið að sofa og vaknað um morguninn við að brotaþoli var á leiðinni út og hefði hún verið að loka dyrunum á eftir sér. Hann kvaðst hafa drukkið sex til sjö bjóra um kvöldið og fundist hann hafa drukkið of mikið, og því verið búinn að drekka vatn í einhvern tíma þegar hann hitti brotaþola. Honum hefði fundist hún vera í eðlilegu ástandi, allt þar til hún kom fram af salerninu heima hjá honum. Þá hefði ekkert verið

athugavert við klæðnað hennar og hefði hann ekki tekið eftir því að sokkabuxur hennar væru rifnar.

Y kvaðst hafa farið með A, vinkonu sinni, á Prikið þetta kvöld og hefðu þær hitt þar stelpur sem þær þekktu úr [...] og síðan strákahóp úr sama skóla, en ákærði hefði verið þeirra á meðal. Þær E hefðu verið að ræða við þessa stráka og hefðu þau verið úti á reykingasvæði staðarins. Hún hefði verið að drekka flöskubjór og kvaðst minnst þess að hafa farið á salerni og komið aftur út, en ekki muna hvort hún skildi bjórinn eftir á meðan. Um klukkan tvö eða þrjú um nóttina hefði hana verið farið að langa heim og hefði hún ætlað að koma við í verslun 10/11 við Austurstræti til að kaupa sér sigarettur. Ákærði hefði boðist til að fylgja henni. Brotapoli kvað sér hafa farið að líða illa í versluninni. Hún kvaðst muna eftir sér þar sem hún var að ganga upp einhverja brekku. Það næsta sem hún myndi væri að ákærði lá ofan á henni og hún var að reyna að rísa upp, en hann hefði alltaf ýtt höfði hennar niður. Hann hefði verið að nauðga henni og hún hefði fundið að hann var með getnaðarliminn í leggöngum hennar. Þetta hefði verið vont og andlit hennar hefði verið klístrað af tárur. Þá kvaðst hún muna eftir því að hann hefði verið að kyssa eða narta í brjóstin á henni. Hún hefði síðan vaknað aftur upp og umlað: „Láttu mig í friði“ og „af hverju ég?“, en hann hefði ýtt höfðinu á henni niður. Hún kvaðst síðan hafa vaknað liggjandi á bakinu með fætur sundur og hefðu ljósin þá verið kveikt. Hún hefði séð að nærbuxur og sokkabuxur hennar hefðu verið alveg niður um hana og hefðu sokkabuxurnar verið í tætlum. Þá hefði hún aðeins verið í öðrum skónum. Ákærði hefði staðið þarna á nærbuxunum og hefði hann komið aftur upp í rúmið, en hún hefði risið á fætur og hefði hann þá sagt við hana að hún mætti fara núna. Hún hefði yfirgefið húsið og áttað sig á að hún var stödd á [...]. Hún hefði hringt eftir leigubifreið og farið heim. Eftir að heim kom hefði hún farið í sturtu. Hún hefði farið á salernið og þar hafi hún pissað blóði. Þá hefðu nærbuxurnar verið allar í blóði. Hún kvaðst ekki minnst þess að ákærði hefði haft við hana endaparmsmök, en hún hefði verið með verk í rassinum á eftir og þar hefði fundist sprunga við læknisskoðun.

Brotapoli kvaðst ekki hafa áttað sig á því alveg strax hvað hefði gerst, en hún hefði ekki átt eiginleg kynmök áður og því ekki vitað hvort þetta væri kynlíf. Hún hefði átt í samskiptum við A á facebook þegar hún vaknaði daginn eftir og hefði hún sagt henni frá þessu. Hún hefði síðan hringt í F, vinkonu sína, og mælt sér mót við hana í Kringlunni. Hún hefði sagt henni frá þessu og hefði F hvatt hana til að fara á bráðamóttöku og láta lögreglu vita, en hún hefði ekki viljað það. Hún kvaðst hafa sagt F að henni hefði verið byrjað einhverju og að hún myndi ekkert eftir því sem hefði gerst. Hún hefði síðan farið heim, en F hefði haldið áfram að leggja að henni að fara á bráðamóttökuna og einnig hefði móðir F rætt við hana í síma og hvatt hana til þess sama. Hún hefði síðan leitað á Neyðarmóttökuna um kvöldið og rætt við hjúkrunarfræðing, en ekki treyst sér í læknisskoðun og farið aftur heim. Hún hefði sofið til klukkan 14 daginn eftir og verið heima þann dag, að því frátöldu að hún skrappr í verslun til að kaupa sér sigarettur. Hún hefði svo farið aftur á Neyðarmóttökuna undir kvöldið og gengist þar undir læknisskoðun. Systir hennar hefði fylgt henni á Neyðarmóttökuna og kvaðst hún hafa sýnt henni sokkabuxurnar og nærbuxurnar. Þetta hefðu verið svartar nælonsokkabuxur með hvítum saumi og ljóssægrænar nærbuxur með hvítum doppum. Hún hefði geymt þessi föt í um tvær vikur, en síðan hent þeim.

Brotapoli kvaðst ekki hafa lagt fram kæru á hendur ákærða hjá lögreglu eftir atvikið þar sem hún hefði viljað „loka á þetta“. Hún hefði verið hrædd við ákærða, sem hefði verið með henni í skóla og hefði þetta mál frést í skólanum. Síðan hefði E sagt henni að ákærði hefði nauðgað öðrum stúlkum en henni. Hún kvaðst þá hafa fengið samviskubit og ákveðið að kæra.

Spurð um áfengisneyslu þetta kvöld kvaðst hún hafa fengið sér skot og hvítvín eða bjór á Prikinu. Hún kvaðst muna eftir flöskubjór og hvítvínsglasi. Þetta hefðu verið um þrjár eða fjórir drykkir og hefði hún aðeins verið farin að finna á sér. Hins vegar myndi hún eftir því að hafa svimað þegar þau ákærði voru í verslun 10/11 eftir að hafa yfirgefið staðinn.

A, sem var með brotapolu þetta kvöld, kvað hana hafa fengið sér hvítvín eða bjór á veitingastað áður en þær fóru á Prikid. Þar hefði hún sennilega fengið sér bjór. Kvaðst hún telja að brotapoli hefði drukkið þrjá til fjóra drykki áður en leiðir þeirra skildi. Vitnið kvaðst hafa farið heim um klukkan 2 um nóttina og hefði brotapoli þá verið hress og ekki áberandi ölvuð. Daginn eftir hefði hún haft samband á facebook og sagt sér að henni hefði verið nauðgað um nóttina.

F kvað brotapolu hafa hringt til sín daginn eftir og hefðu þær mælt sér mót í Kringlunni. Þar hefði brotapoli reynt að segja henni hvað hefði gerst. Hún hefði verið niðurbrotin og útskýrt að hún væri ekki viss um að þetta hefði verið nauðgun. Þá hefði hún sýnt vitninu marbletti á sér. Vitnið kvaðst hafa sannfært hana um að þetta hefði verið nauðgun og hvatt hana til að fara á bráðamóttöku. Vitnið og móðir hennar hefðu rætt við brotapolu síðar um daginn og hefði móðir hennar sannfært hana um að hún yrði að fara á bráðamóttökuna.

E kvaðst hafa hitt brotapolu á Prikinu og hefðu þær komið auga á ákærða úti í svonefndu reykingaporti. Þær hefðu farið að spjalla við B, félagu ákærða, en ákærði hefði verið þögull. Vitnið kvaðst hafa brugðið sér inn til að kaupa bjór, en þegar hún kom út aftur hefði B sagt henni að brotapoli hefði farið heim með ákærða. Vitnið kvað brotapolu hafa verið að drekka bjór þarna á staðnum og hefði hún verði „létt á því“, en alls ekki ofurölvi. Þær hefðu verið í samskiptum á facebook daginn eftir og hefði hún þá spurt brotapolu hvort hún hefði sofið hjá ákærða, en hún neitað því. Um tveimur vikum síðar hefði brotapoli sagt henni hvað hefði gerst. Vitnið kvaðst hafa verið dálítið hrifin af þessum strák og hefði brotapoli verið að vara hana við honum. Hún hefði sagt henni að ákærði hefði nauðgað sér og lýst því. Um ári síðar kvaðst vitnið hafa frétt að einhverjar stúlkur hefðu kært ákærða og hefði hún látið brotapolu vita af því.

B kvaðst hafa verið með ákærða á Prikinu þetta kvöld og hefðu þeir verið að ræða við einhverjar stúlkur úti í porti. Síðan hefði ákærði gengið burt með einni stúlkunni, án þess að segja neitt. Ákærði hefði sagt honum daginn eftir að þau hefðu farið heim saman. Kvaðst vitnið hafa dregið þá ályktun að ákærði hefði sofið hjá stúlkunni. Hann kvaðst minna að stúlkun hefði verið minna drukkin en ákærði þetta kvöld. D, sem var með ákærða og B í umrætt sinn, kvaðst hafa séð ákærða spjalla við stúlku og hefðu þau síðan horfið á brott saman. Þau hefðu virst vera ölvuð.

G, systir brotaþola, kvað hana hafa hringt til sín um kvöldmatarleytið sunnudaginn 11. september, og beðið sig um að aka sér á Neyðarmóttöku. Brotaþoli hafi rætt við hjúkrunarfræðing þar, en síðan farið heim. Hún hefði síðan hringt aftur á mánudeginum og hefði hún einnig fylgt henni á Neyðarmóttökuna í það skipti. Þann dag hefði brotaþoli sýnt henni fatnað sem hún hefði verið í, skærgrænar nærbuxur, sem hefðu verið blóðugar, og þunnar nælonsokkabuxur, sem hefðu verið rifnar hér og þar, m.a. í klofinu. Vitnið kvað brotaþola hafa breyst eftir þetta atvik og verið erfið í skapi. Þá hefði hún hætt að mæta í skólann þar sem hún hræddist ákærða sem einnig var nemandi þar.

H, faðir brotaþola, lýsti því að hún hefði verið gjörbreytt í háttum daginn eftir atvikið. Hún hefði verið taugaveikluð og hefði hann ekki náð neinu sambandi við hana. Systir hennar hefði greint honum frá því á mánudeginum hvað hefði gerst. Vitnið kvað brotaþola hafa gjörbreytst eftir þetta atvik. Hún hefði verið afburðanemandi fyrir þetta, en flosnað upp úr skóla tveimur árum síðar. Þá hefði áfengisneysla hennar aukist, hún hefði orðið mjög uppstökk og lokað sig af. Hefði hún þurft að leita aðstoðar sálfræðinga og geðlækna á göngudeild eftir þetta.

Eyrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur og *Arnar Hauksson*, kvensjúkdómalæknir, starfsmenn Neyðarmóttöku, gerðu grein fyrir læknisskoðun sem brotaþoli gekkst undir þar. Kom fram hjá vitninu Arnari að áverkar á kynfærum og við endaparm hefðu verið ferskir og gætu samrýmst því að vera eins til tveggja sólarhringa gamlir. Eins en sprunga hefði verið við meyarhaft og tók vitnið fram að þetta væri viðkvæmt svæði og gæti slíkur áverki verið til kominn án þess að beitt hefði verið ofbeldi. Vitnið kvaðst ekki geta staðhæft að samræði hefði verið haft við brotaþola, þar sem ekki hefðu verið til staðar sýni því til staðfestingar, en einhver innþrenging hefði orðið í leggöng. Þá kvað hann sprungu við endaparm geta hafa komið við mikið harðlífi, en ekkert hefði komið fram í sögu brotaþola sem benti til þess að orsökkin væri önnur en kynmök. Vitnið kvað aðra áverka brotaþola hafa komið heim og saman við tímasetningar sem hún gaf upp. Magn þessara áverka benti til þess að einhvers konar átök hefðu átt sér stað. Þá benti staðsetning þeirra ekki til þess að þeir hefðu komið við fall, heldur hefðu þeir frekar verið eins og eftir tak. Vitnið kvað áverka á innanverðum hægri upphandlegg hafa litið út eins og hann gæti verið eftir tennur, hefði áverkinn líkst tannfari, en ekki bitfari. Marblettir á fótleggjum gætu hafa verið eftir tak og taldi hann þá hafa verið innan við þriggja daga gamla. Sérstaklega spurt svaraði vitnið því til að marblettir innanvert á hnjám báðum megin gætu hafa verið eftir fall. Hann kvað rispur á baki geta hafa verið eftir að brjóstahaldari hefði verið dreginn niður og far á bringu gæti hafa verið eftir sogblett. Vitnið kvað það hafa verið mistök að þvagsýni skyldi ekki hafa verið sent í eiturefnarannsókn, því að hugsanlega hefði verið hægt að greina hvort brotaþola hefði verið byrjað ólyfjan.

Kristín Jónsdóttir kvensjúkdómalæknir staðfesti matsgerð sína fyrir dóminum. Vitnið kvað sprungu við meyarhaft tilkomna við að eitthvað hefði farið inn í leggöng brotaþola og væru kynmök oftast orsök slíkra áverka. Það að sprungan rifnaði upp við kvenskoðun benti til þess að kynmök hefðu átt sér stað tveimur til þremur sólarhringum áður en skoðun fór fram. Þá væru meiri líkur á því að rof yrði ef þurrkur væri í kynfærunum, þ.e. ef konan væri óundirbúin fyrir kynmök. Vitnið kvað erfiðara að meta orsök sprungu við endaparm. Slíkur áverki gæti stafað af kynmökum eða einhvers konar innþrengingu, en einnig því að viðkomandi hefði

haft harðar hægðir. Hún kvað það vera meginniðurstöðu mats síns að kynmök hefðu verið höfð við brotaþola, a.m.k. um leggöng. Marblettir á utanverðum handleggjum brotaþola hefðu getað komið við að hún hafi reynt að verjast. Marblettir á innanverðum hnjám eða lærum komi yfirleitt ekki nema fótum hafi verið ýtt í sundur eða við samfarir. Marblettir sem komi við það að viðkomandi reki sig á séu yfirleitt staðsettir á utanverðum fótleggjum. Vitnið kvaðst telja óvíst um orsök áverka sem í skýrslu Neyðarmóttöku var talið vera tannfar og kvaðst hún hafa talið það far vera eftir fingur. Loks kom fram hjá vitninu að hægt væri að finna leifar af lyfjum eins og rohipnol og ketamín í þvagi í allt að sjö daga eftir inntöku.

Sólrún Ósk Lárusdóttir sálfræðingur gerði grein fyrir viðtölum sínum við brotaþola, sem hefði leitað til hennar fyrir jól 2011 vegna vanlíðunar.

Þá kom faðir ákærða, *I*, fyrir dóminn sem vitni og lýsti líðan ákærða eftir að málið kom upp.

Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök nauðgun með því að hafa haft samræði og endaparmsmök við brotaþola sem ekki á að hafa getað spornað við kynferðismökunum sökum ölvunar og svefndruna eins og nánar er rakið í ákærinni. Eru ákæruatriðin í samræmi við frásögn brotaþola hjá lögreglu, en ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Hann og brotaþoli hafi ekki haft kynmök heldur hafi brotaþoli, sem ekki hafi verið mikið undir áhrifum áfengis, sofnað á heimili hans og ekki vaknað fyrr en undir morgun og þá farið á brott.

Eftir að brotaþoli fór frá ákærða hafði hún fyrst samskipti við aðra er hún ræddi við vinkonu sína á facebook klukkan 14:51 sama dag. Þau samskipti voru rakin hér að framan. Um kvöldmatarleytið hringdi hún í systur sína og fór með henni á Neyðarmóttökuna. Þar ræddi brotaþoli við hjúkrunarfræðing en vildi ekki láta skoða sig. Daginn eftir fór hún aftur með systur sinni á Neyðarmóttökuna og var þar skoðuð, eins og rakið var. Þann sama dag kveðst systir hennar einnig hafa séð sokkabuxur og nærbuxur brotaþola á heimili hennar, sem hafi verið blóðugar. Á Neyðarmóttökunni var brotaþoli beðin um að afhenda fötin, sem hún var í umrædda nótt. Það gerði hún á hinn bóginn ekki heldur fargaði þeim um tveimur vikum síðar, að eigin sögn. Samkvæmt vottorði frá Neyðarmóttöku var brotaþoli við skoðun með tveggja cm rifu við meyarhaft, 0,5 cm sár við endaparm og þá áverka aðra sem í ákæru greinir. Samkvæmt framangreindri matsgerð kvensjúkdómalæknis er líklegt að áverkana hafi hún hlotið innan 72 klukkustunda. Þótt álykta megi að líklega hafi rifan komið til umrædda nótt verður af læknisfræðilegum gögnum ekkert frekar um það fullyrt hvenær rifan kom til. Síðan liðu 16 mánuðir þangað til brotaþoli kærði ákærða til lögreglu. Gaf hún þá skýringu að hún hefði viljað „loka á þetta“, en hún hefði síðan frétt að ákærði hefði nauðgað öðrum stúlkum og þá hefði hún fengið samviskubit og ákveðið að kæra.

Það er niðurstaða dómsins að framburður brotaþola við aðalmeðferð málsins, um það að ákærði hafi haft við hana kynferðismök í greint sinn, sé í sjálfu sér ekki ótrúverðugur, einkum þegar litið er til þeirra ummerkja sem í ákæru greinir og kunna að hafa komið til vegna kynmaka við ákærða, auk þess sem brotaþoli

hafði samband við Neyðarmóttöku og hún og systir hennar báru að blóð hefði verið í nærbuxum, sem brotþoli hafi sýnt systur sinni.

Á hinn bóginn verður að líta til þess að ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um hvað gerðist á heimili ákærða umrætt sinn. Er framburður ákærða eindreginn um að kynferðismök hafi ekki átt sér stað. Fleira kemur þó til. Í fyrsta lagi var framburður brotþola annars vegar hjá lögreglu og hins vegar fyrir dómi misvísandi um ölvunarástand sitt. Þannig bar hún hjá lögreglu 16. janúar 2013 að hún hefði neytt „3,4,5“ drykkja áður en hún fór heim með ákærða. Hún var þá spurð hvort hún ætti við bjór og jánkaði hún því en bætti við að hún hefði líklega tekið skot „um 3 eða 2-3“. Hún bætti svo við að hún myndi ekki mikið eftir þessu þar sem svo langt væri um liðið. Þá sagði lögreglumaðurinn: „En þú ert alla vega með það á hreinu að þú hafir verið mjög ölvuð.“ Brotþoli svaraði játandi. Þá sagði lögreglumaðurinn: „Þú hefur fundið til mikilla svona ölvunaráhrifa.“ Brotþoli svaraði þessu einnig játandi. Fyrir dómi bar brotþoli á hinn bóginn að hún hefði einungis drukkið þrjá til fjóra drykki og hefði hún aðeins verið farin að finna á sér.

Þá styður framburður vitna, sem rakinn hefur verið, ekki framburð brotþola um mikla ölvun hennar heldur framburð ákærða um hið gagnstæða. Það gerir heldur ekki frásögn sem skráð er eftir henni á Neyðarmóttökunni, þar sem haft er eftir henni að kvöldi 12. september 2011 að hún hafi ekki verið búin að drekka mikið, ef til vill tvo og hálfan bjór. Loks er haft eftir brotþola í vottorði læknis daginn eftir atvik að hún hafi allt í einu orðið drukknari en samsvaraði því áfengismagni sem hún hefði drukkið. Hafi hana grunað að einhverju hefði verið byrjað í drykk hennar á skemmtistaðnum umrætt kvöld. Hefur ekkert komið fram við rannsókn og meðferð málsins sem styður þessar fullyrðingar brotþola. Eins og nú hefur verið rakið hefur framburður brotþola um ölvun sína verið misvísandi og styðst ekki við framburð vitna. Dómurinn metur því framburð hennar ótrúverðugan að þessu leyti.

Loks styður hegðun brotþola eftir að hún fór frá ákærða ekki að henni hafi verið nauðgað. Þannig virtist brotþoli í áður nefndum facebook-samskiptum sínum ekki vera viss um hvort henni hefði verið nauðgað eða henni „riðið“, eins og rakið var. Þá fargaði brotþoli ætluðum sönnunargögnum og dró það svo í 16 mánuði að kæra ákærða.

Á ákæruvaldinu hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Af því sem að framan hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að uppi sé slíkur vafi um sekt ákærða að ekki sé hafið yfir skynsamlegan vafa, eins og áskilnaður er gerður um í 1. mgr. 109. gr. laganna. Samkvæmt þessu verður að sýkna ákærða af kröfu um sakfellingu, vísa einkaréttarkröfu frá dómi og leggja sakarkostnað á ríkissjóð.

Einn dómenda, Ragnheiður Harðardóttir, er ósammála niðurstöðu meirihluta dómsins. Telur hún framburð ákærða um að hann hafi ekki haft kynferðismök við brotþola í umrætt sinn ótrúverðugan, enda fái frásögn hennar að þessu leyti stoð í læknisfræðilegum gögnum og vitnisburði kvensjúkdómalæknanna Arnars Haukssonar og Kristínar Jónsdóttur, sem rakið hefur verið. Hafi það verið niðurstaða matsgerðar Kristínar að áverki á meyjarafti brotþola væri til marks um að einhvers konar kynmök hefðu átt sér stað um leggöng innan 72 klukkustunda áður en hún gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun á Neyðarmóttöku. Þá hafi

brotapoli sýnt systur sinni blóðugar nærbuxur, sem hún hefur borið að hafa klæðst þegar þetta var. Með vísan til framangreinds telur dómari sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi haft kynferðismök við brotþola. Ákærða og brotþola beri saman um að hún hafi sofnað þungum svefni á heimili hans og telur dómari að leggja eigi til grundvallar frásögn þeirra um að svo hafi verið. Þá styðji lækisfræðileg gögn í málinu og vitnisburður kvensjúkdómalæknanna tveggja framburð brotþola um að ákærði hafi beitt hana harðræði við kynmök. Í facebook-samskiptum við A daginn eftir atvikið hafi brotþoli lýst því að henni hafi verið „fokking nauðgað“ og komi fram í lýsingum hennar í þeim samskiptum að ákærði hafi beitt hana ofbeldi. Þá hafi brotþoli lýst því að sokkabuxur hennar hefðu verið í tætlum eftir atvikið og fái sá framburður stuðning í framburði systur hennar, sem kvað þær hafa verið rifnar, m.a. í klofinu. Framburður vitna um líðan brotþola eftir atvikið, einkum föður hennar, systur og vinkonunnar F, þyki vera til marks um að hún hafi orðið fyrir alvarlegu áfalli í umrætt sinn. Loks þyki brotþoli hafa gefið trúverðugar skýringar á því fyrir dóminum hvers vegna hún dró að leggja fram kæru í málinu. Að mati dómars er framburður brotþola trúverðugur, auk þess að fá stöð í lækisfræðilegum gögnum og framburði vitna, sem rakið hafi verið. Að sama skapi þyki framburður ákærða ótrúverðugur og í andstöðu við gögn málsins um veigamikil atriði. Því eigi að leggja framburð brotþola til grundvallar í málinu. Samkvæmt framansögðu telur dómari sannað að ákærði hafi haft kynferðismök við brotþola og við það notfært sér að þannig var ástatt um hana að hún gat ekki spornað við þeim og jafnframt beitt hana ofbeldi, svo sem í ákæru greinir. Því beri að sakfella ákærða samkvæmt ákæru, gera honum refsingu og dæma hann til að greiða brotþola miskabætur.

Með vísan til 2. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 1.125.300 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur hdl., 306.900 krónur, og réttargæslumanns við lögreglurannsókn málsins, Helgu Völu Helgadóttur hdl., 286.440 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatt.

Með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála ber að vísa einkaréttarkröfu Y frá dómi.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari.

Málið dæmdu héraðsdómararnir Ragnheiður Harðardóttir, sem dómsformaður, Arngrímur Ísberg og Hervör Þorvaldsdóttir.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 1.125.300 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur hdl., 306.900 krónur, og réttargæslumanns á rannsóknarstigi málsins, Helgu Völu Helgadóttur hdl., 286.440 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Einkaréttarkröfu Y er vísað frá dómi.

Ragnheiður Harðardóttir

Arngrímur Ísberg

Hervör Þorvaldsdóttir